

Leikskólinn Bæjarból

# Listaflétta

Þróunarverkefnið Bæjarbóls 2015 – 2016 - Styrkur veittur 2015

Tengiliður: Kristín Sigurbergsdóttir, leikskólastjóri



## Próunarverkefnið Listafléttu

**Af hverju var verkefnið valið/markmið :**

- Efla starfsmenn og börn í tónlist og dansi á Bæjarbóli.
- Að starfsmenn verði öryggir í að nýta sér hljóðfæri í söng og dansi með börnunum.
- Að starfsmenn eflist í að kenna börnunum einfalda og skemmtilega dansa þannig að allir fái tækifæri til að hreyfa sig á jákvæðan hátt.
- Verkefnið var tengt þemaverkefni leikskólans um lífsleikni, þar sem áherslan er líkamsvitund, listir og samvinna.
- Kveikjan að verkefninu var að Bæjarból á tónlistarvagna og margir starfsmenn voru smeykir að nota vagninn og vildum við koma honum betur í gagnið.

### **Framkvæmd**

- Allar deildir tóku þátt í verkefninu Tónmál fléttuðu inn í þemað og mikil ánægja var með námsefnið tónmál og deildirnar unnu þetta einnig í samverustundum. Starfsmenn voru ánægðir með hve tónmálið örvaði hlustun, takt og hljóðkerfisvitund barnanna.
- Deildirnar bjuggu til eigin tóngjafa eins og hristur út LGG dósum.
- Í lok skólaárs bjuggu elstu börn leikskólans til leikrit og höfðu tóngjafa í verkefninu. Þetta vakti mikla lukku hjá börnunum og þeim sem fengu að njóta.
- Starfsmenn hafa í höndum frábært námsefni sem er mjög aðgengilegt og þeir voru mjög ánægðir.
- Tónlistarvagninn er notaður meira og fleiri starfsmenn eru orðnir virkir í að nota hann. Einnig bætt við hljóðfærakostinn með tveimur handhægum töskum með hljóðfærum sem auðvelt er að grípa inn á deildar.

-Í janúar koma Irma Gunnarsdóttir danskennari til okkar og hélt námskeið fyrir kennara um hugmyndir að danskennslu fyrir börnin.

-Hún kom síðan inn í leikskólann í 6 vikur og kenndi fjórum sinnum í viku á leikskólanum. Leikskólanum var skipt upp í 10 hópa og allir fengu 1 danstíma á viku. Kennarar skólans fylgdu með í tímana og fengu innsýn í leiðir til að vinna með dans og tónlist.

-Kennslan í tímunum var aðeins fyrir ofan getu nemenda og ef til vill ekki nógu barnamiðað þar sem danskennarinn er listdanskennari. Dansarnir sem hún kenndi voru einnig nokkuð erfiðir og því var erfitt fyrir nemendur að tileinka sér dansana. Einnig voru dansarnir það flóknir að kennararnir náðu ekki heldur að tileinka sér þetta.

Hvað hefur verkefnið leitt af sér

-Starfsmenn hafa tileinkað sér námsefnið Tónmál og nota það í verkefnum leikskólans.

-Tónlistarvagninn er meira í notkun inni á deildum, starfsmenn eru óhræddir og fleiri hljóðfæri til.

-Margir nýjir söngvar komu inn í starfið.

-Hugmyndabanki í tengslum við dans og tónlist hefur stækkað

### **Ráðstöfun styrks:**

Heildarupphæð styrks: 500.000 krónur

- Tónagull - námsefni	38.000
- Námskeið fyrir starfsfólk	60.000
- Námskeið fyrir börn - listdans	330.000
- Launakostnaður vegna vinnu og skráningar	23.400
- 2 X hljóðfæratöskur	48.600

---

Samtals 500.000